

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð þær reglur, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru að gerast aðilar að, eða þá samninga, sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda.

Ráðherra er auk þess heimilt að setja aðrar þær reglur um þessar veiðar, sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur þær, er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra rúmar heimildir til þess að setja reglur um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hins vegar getur hann ekki sett slíkar reglur um veiðar utan landhelgi, nema til þess að framfylgt verði ákvæðum þeirra alþjóðasamninga um fiskveiðar, sem Íslendingar eru aðilar að. Ber orðið brýna nauðsyn til að rýmka heimildir til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan landhelgi, þar sem Íslendingar vilja oft og þurfa að ganga lengra til takmörkunar veiða, en alþjóðasamningar. Síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó eru dæmi um þetta, en stjórnun þeirra, umfram það sem Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin hefur ákveðið, hefur til þessa fyrst og fremst byggst á samvinnu við skip stjóra og útvegmenn íslensku bátanna. Þótt sú samvinna hafi verið góð, hefur samt tilfinnanlega skort lagaheimild til þess að setja bátunum veiðireglur.

Ef Íslendingar einhverra ástæðna vegna geta ekki samþykkt þær reglur, sem alþjóðanefndirnar setja um einhverjar tiltekna veiðar, en vilja samt stunda slíkar veiðar og takmarka þær sjálfir, þá er eins og málum er nú háttað ekki fyrir hendi lagaheimild til þess að setja reglur þar um. Úr þessu er frumvarpi þessu ætlað að bæta.

Þá er þess að geta, að eftirlit með því að haldnar séu reglur um veiðar í fiskveiðilandhelginni getur orðið erfitt, ef ekki er hægt að setja sams konar reglur um veiðar utan landhelginnar. Íslendingar hafa t.d. strangari reglur um lágmarksstærðir fisktegunda og um möskvastærðir botnvörpu, en ákvæði alþjóðasamþykktu eru um sama efni. Þykir nauðsynlegt vegna eftirlits og eðli málsins samkvæmt, að íslensk skip séu háð sömu reglum að þessu leyti hvort heldur þau veiða innan eða utan landhelgi.

Um 2. gr. frumvarpsins er það að segja, að gert er ráð fyrir því, að brot á reglum settum samkvæmt því varði sömu viðurlögum og brot á sams konar eða sambærilegum reglum, sem settar eru samkvæmt öðrum lögum. Er því sektarákvæðin sambærileg við sektarákvæði laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og einnig er gert ráð fyrir því að heimildinni til upptöku afla og veiðarfæra verði beitt í samræmi við þau viðurlög, sem sambærilegar reglur settar samkvæmt öðrum lögum eru láttnar varða.